




Félag framhaldsskólakennara

SKÝRSLA STJÓRNAR FÉLAGS FRAMHALDASSKÓLAKENNARA UM STARFSEMI
FÉLAGSINS ÁRIÐ 2015

LÖGÐ FRAM Á FUNDI FÉLAGSINS



APRIL 8, 2016

FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
GRAND HÓTEL, REYKJAVÍK

Efnisyfirlit

Helstu atriði úr starfsemi félagsins árið 2015.....	2
Starfsmannahald	2
Kjarasamningsmál	2
Félagsdómur.....	2
Fræðslusjóður (0,1% framlag til mannauðstengdra verkefna).....	3
Styrkir til mannauðstengdra verkefna í félagsdeildum	3
Erindrekstur og upplýsingagiöf.....	4
Breytingar á stjórn og nefndum á tímabilinu	4
Fundir og fræðsla.....	4
Karlagata 15.....	5
Sameining Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans:	5
Vísindasjóður FF og FS.....	5
SALEK mál:	5
Erlent samstarf	6
Skólamálanefnd FF	7
Helstu verkefni skólamálanefndar.....	7
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	8
Fjárhagsuppgjör.....	9
Starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum árið 2015-2016	9
Fjárframlög til félagsdeilda og almennar verklagsreglur.....	9
Upplýsingar um starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum árið 2015	10
Trúnaðarmenn.....	11
Aðalfundir og stjórnarfundir félagsdeilda	11
Stofnanasamningar	11
Helstu verkefni félagsdeilda	11

Helstu atriði úr starfsemi félagsins árið 2015

Starfsmannahald

Starfsfólk FF árið 2015 var sem fyrr Anna María Gunnarsdóttir sérfræðingur í skólamálum (50%), Elna Katrín Jónsdóttir sérfræðingur á kjarasviði (50%) og Guðríður Arnardóttir formaður (100%). Reynir Þór Eggertsson var ráðinn í 50% starf í 6 mánuði fyrri hluta ársins sem sérfræðingur í vinnuáttáttum og fulltrúi félagsins í verkefnisstjórn um vinnumat.

Starfslok Elnu Katrínar Jónsdóttur mörkuðu þá talsverð tímamót þann 1. febrúar 2016 en Elna Katrín var formaður Félags framhaldsskólakennara bæði fyrir sameiningu kennarafélaganna sem nú eru aðilar að KÍ og áður, þegar framhaldsskólakennarar voru innan vébanda BHM. Síðustu ár hefur Elna Katrín starfað sem sérfræðingur í kjaramálum á skrifstofu FF í KÍ húsi. Elna Katrín hefur því staðið í fylkingarbrjósti stéttarbaráttu framhaldsskólakennara í á þriðja áratug. Elnu Katrínu færur við okkar innilegustu þakkir fyrir gott og farsælt starf í þágu félagsmanna.

Kjarasamningsmál

Á árinu 2015 voru vinnuáttáttmál fyrirferðarmest mála. Skrifað var undir samkomulag um upptöku nýs vinnuáttáttmats þann 4. febrúar 2015 á grundvelli aðalkjarasamnings frá 4. apríl 2014. Í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna var samkomulagið fellt með 53% atkvæða í öllum skólum landsins utan Menntaskóla Borgarfjarðar og Verzlunarskóla Íslands sem samþykktu samkomulagið. Samninganefnd félagsins settist þá að nýju við samningaborðið með það markmið að bæta samninginn og sníða af þá helstu vantakta sé urðu til þess að samkomulagið var fellt. Þann 1. apríl 2015 var svo skrifað undir nýtt samkomulag um vinnuáttáttmát þar sem m.a. var búið að setja inn lágmarkstímaviðmið fyrir hvern áfanga, bæta umgjörð og skýra orðalag. Sá samningur var samþykktur með 58% atkvæða og haustið 2015 var tekið upp nýtt vinnuáttáttskerfi í öllum ríkisskólunum en Tækniskólakennarar gerðu sér samning í kjölfar þess að samninganefnd félagsins framseldi samningsréttinn til kennara Tækniskólans sem sömdu sig fram hjá nýju vinnuáttáttmati og skrifuðu undir samkomulag 4. september 2015 og kusu um 8% lægri laun gegn óbreyttu vinnuáttáttskerfi. Frá apríl 2014 hafa laun þeirra framhaldsskólakennara sem tóku upp nýtt vinnuáttáttmát því hækkað um rúmlega 40%.

Í kjarasamningi félagsins frá 2014 kvað á um í 14. grein að kæmi til þess að laun viðmiðunarhópa framhaldsskólakennara myndu hækka á árinu umfram það sem kallað voru almennar hækkanir í kjarasamningnum fengju framhaldsskólakennarar það bætt til jafns. Áður hafði þessi grein skilað félagsmönnum viðbótar 0,72% hækkun en í kjölfar Gerðardóms vegna BHM félagsmanna sumarið 2015 var niðurstaðan að hækka laun framhaldsskólakennara um 7,2% að meðaltali frá 1. apríl 2015. Útfærsla þeirrar leiðréttingar var með sama hætti og í tilfalli BHM sem fólst í því m.a. að jafna bil á milli þrepa í launatöflunni.

Félagsdómur

Innleiðing vinnuáttáttmats hefur gengið að mestu leyti vel en það kom hins vegar á óvart að menntamálaráðuneytið sendi stjórnvaldsfyrirmæli til allra skóla á árinu og gerði þeim að stytta námstíma til stúdentspróf um eitt ár án sérstakra bóta vegna aukins álags.

Þessu hefur stjórn og samninganefnd FF mótmælt harðlega og rekur nú mál gegn fjármálaráðherra fyrir Félagsdómi þar sem krafan er að síðasta málsgrein 7. greinar kjarasamnings frá 4. apríl 2014 skuli viðurkennd en þar skuli meta það álag sem meginbreytingar á námi til stúdentsprófs felur í sér. Það mun líklega sjá fyrir endann á því málið vorið 2016.

Fræðslusjóður (0,1% framlag til mannauðstengdra verkefna)

Í kjarasamningi frá 2014 var samið um sérstakt framlag í fræðslusjóð (mannauðspott) og er bókað í samningi að framlagið skuli nýta til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Félags framhaldsskólakennara. Eins og segir í bókuninni var það ætlan samningsaðila að þetta framlag myndi styrkja félagslega stöðu þeirra sem starfa að tilteknum verkefnum fyrir félagið. Stjórn FF samþykkti þó í byrjun árs 2015 tiltekið framlag til félagsdeilda þar sem þeim var gefinn kostur á að sækja um styrk vegna fyrirlestra og/eða námskeiða með það markmið að styrkja félagsdeildir í hverjum skóla. Þetta hefur mælst vel fyrir almennt og hafa félagsdeildirnar bryddað upp á ýmsu skemmtilegu og gagnlegu í kjölfarið (sjá hér að neðan).

Þau verkefni sem fram til þessa hafa verið styrkt úr þessum sjóði eru meðal annars:

- Námsferð stjórnar FF til Brussel; þar sem stjórn heimsótti Alþjóða kennarasamtökin, samtök stéttarféлага í Evrópu og EES skrifstofuna.
- Félagið var aðili að ráðstefnunni Framhaldsskóli í Krossgötum sem var mjög gagnleg og fjölsótt meðal félagsmanna
- Félagið hélt námskeið í samningatækni fyrir fulltrúa FF í samstarfsnefndum framhaldsskólanna.
- Samninganefnd félagsins fór á námskeið í samningatækni á vegum Endurmenntunar HÍ – með Harvard kennaranum Diane Buttu.
- Formaður og ritari stjórnar fara á vordögum á viku námskeið í samningatækni við Harvard háskóla í USA.

Styrkir til mannauðstengdra verkefna í félagsdeildum

Í bókun 1 með síðasta kjarasamningi var samþykkt að leggja 0.1% til FF til að vinna að mannauðstengdum verkefnum. Stjórn FF ákvað að verja allt að 4.000.000 milljónum til að styrkja mannauðstengd verkefni félagsdeilda sérstaklega. Auglýstir voru styrkir sem formenn félagsdeilda gátu sótt um vegna námskeiða, fyrirlestra eða sérstakra verkefna sem sannarlega efldu og styrktu hópana félagslega. Skilyrði fyrir styrkveitingunum var að þeir kæmu öllum félagsmönnum á hverjum stað að notum jafnt og myndu auka þekkingu á tilteknu málefni eða fagsviði. Ákveðið var að þau verkefni sem með réttu ættu að vera á ábyrgð vinnuveitanda /vinnustaðar yrðu ekki styrkt. Hver félagsdeild gat sótt um allt að 200.000 krónur og var svigrúm gefið til þess að sækja um viðbótarframlag vegna ferðakostnaðar fyrirlesara.

Opnað var fyrir umsóknir vor og haust. Á fyrri umsóknarfrestinum sóttu 10 skólar um styrki.

Stjórn FF mat mikinn meirihluta styrkumsókna styrkhæfan og veitti styrki til eftirtalinna verkefna.

1. BHS Að takast á við erfiða stjórnendur
2. FAS Námskeið í núvitund fyrir kennara skólans
3. FÁ Þriggja fyrirlestraröð um streitu og streitustjórnun
4. FB Námskeið-hálfur dagur: Að efla samkennd félagsmanna
5. FG Námskeið um hómor og gleði á vinnustað
6. Fjölmennt Ratleikur, hópeflis og liðsheildarvinna í Borgarnesi.
7. Flensburg Námskeið í liðsheildarvinnu.
8. MH Námskeið í Kríunesi fyrirlestur um jákvæða sálfræði og útivera.
9. ML Vísindaleg aðferð í heimspekilegu og sögulegu ljósi.
10. MR Fræðsludagur: Fyrirlestrar á vegum Hamingjuhússins.

Seinni umsóknarfrestur um styrki vegna mannauðstengdra verkefna var 1. desember. Þá bárust sjö umsóknir frá sex skólum og fengu þær allar viljrði fyrir styrk. Allar umsóknir sem bárust þá voru styrktar.

1. FMos Námskeið í hugarfrelsi og sjálfsstyrkingu
2. FVA Námskeið í núvitund
3. FSH Námskeiðið: „Góður vinnufélagi í góðum starfshópi“
4. FL Námskeiðið: „Góður vinnufélagi í góðum starfshópi“
5. ML Námskeiðið: Andlegir vaxtaverkir á Laugarvatni, námskeið í núvitund“
6. ML Námskeiðið: „Hópefli á Laugarvatni“
7. FSu Sameiginlegur námskeiðsdagur með ML- fyrirlestur um jákvæð samskipti, hópefli og samstarfsfundur.

Kostnaður vegna þessara námskeiða liggur ekki alveg fyrir vegna þess að þau hafa ekki öll verið haldin og í einhverjum tilfellum er ferðakostnaður óljós en alls hafa nú verið greiddar 1.2087.409 til félagsdeilda vegna mannauðstengdra verkefna. Þegar þetta er ritað hafa BHS, FSu og FB ekki nýtt sína styrki og FÁ og ML hafa aðeins nýtt hluta af sínum.

Erindrekstur og upplýsingagjöf

Erindrekstur hefur að mestu leyti verið á ábyrgð formanns félagsins árið 2015. Þó skiptu fulltrúar í samninganefnd liði þegar nýtt samkomulag um vinnumat var kynnt á vordögum 2015. Þá var tekin ákvörðun um að funda í öllum skólum landsins og bjóða upp á kynningu í hverjum skóla enda fólst í nýju vinnumati grundvallabreyting frá fyrra kerfi og ástæða til þess að vanda vel til verka. Þess utan hefur formaður heimsótt fjölmarga framhaldsskóla á líðandi vetri og hlustað eftir afstöðu félagsfólks til þeirra mála sem eru í brennidepli og þá auðvitað helst reynslu af nýju vinnumati.

Upplýsingum til félagsmanna var miðlað í Rauða eplinu, fréttabréfi FF sem kom út fimm sinnum árið 2015 og hefur komið út einu sinni árið 2016 og er sent öllum félögum í FF í rafpósti. Einnig var upplýsingum miðlað í geng um heimasíðu KÍ og samfélagsmiðla í nafni félagsins. Þá sendi formaður öllum félögum nokkrum sinnum tölvupóst og skrifaði greinar um málefni félagsins í dagblöð.

Breytingar á stjórn og nefndum á tímabilinu

Á árinu 2015 urðu mannbreytingar í stjórn og samninganefnd félagsins. Kjartan Þór Ragnarsson sagði sig úr stjórn vegna annarra skuldbindinga. Helga Helena Sturlaugsdóttir varamaður tók sæti Kjartans. Sigríður Ragna Birgisdóttir hætti sem varamaður þar sem hún er nú stjórnandi í sínum skóla og þar af leiðandi í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum. Hennar sæti hefur tekið Guðjón H. Hauksson kennari við Menntaskólann á Akureyri.

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir sagði sig úr samninganefnd vorið 2015 en hún studdi ekki samkomulag um nýtt vinnumat. Hennar sæti tók Ingvar Arnarson kennari við Fjölbautarskólann í Garðabæ.

Í stjórn orlofssjóðs sat fyrir hönd FF Guðmundur Björgvin Gylfason, en hann sagði af sér á síðasta ári og hans sæti tók varamaður hans Þórarinn Ingólfsson frá FSu.

Fundir og fræðsla

Almennur félagsfundur var haldinn um vinnumatsmál þann 7. mars 2014 þar sem farið var yfir stöðuna í samningamálunum á fjölmönnum fundi í Menntaskólanum við Hamrahlíð en fundurinn var haldinn á grundvelli þess að 10% félagsmanna óskuðu eftir slíkum fundi með undirskriftum sínum.

Árlegur fulltrúafundur var haldinn 19. mars 2014 og var með hefðbundnu sniði.

Námskeið um vinnumatsmál var haldið fyrir trúnaðarmenn og formenn félagsdeilda þann 31. september 2015.

Karlagata 15

Karlagata 15 er enn í eigu félagsins og er í útleigu til 1. júlí. Stjórn hefur tekið ákvörðun um að eiga íbúðina eitthvað áfram meðan fasteignaverð fer hækkandi.

Sameining Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans:

Á árinu var Iðnskólinn í Hafnarfirði lagður niður og sameinaður Tækiskólanum. Talsverð vinna fór í að tryggja starfsöryggi og réttindi félagsmanna sem fluttust á milli stofnana. Um þá starfsmenn var gerður sérstakur samningur sambærilegur þeim sem gerður var við Tækniskólann á sínum tíma þegar hann var einkavæddur þar sem réttindi félagsfólks eru samræmd réttindum þeirra sem vinna hjá ríkisskólunum.

Vísindasjóður FF og FS

Málefni vísindasjóðs hafa tekið mikinn tíma formanns og stjórnar á árinu. Eins og félagsmönnum er kunnugt um hefur verið ágreiningur milli sjóðsstjórnar og stjórnar KÍ um ýmis málefni sem tengjast umsýslu sjóðsins á árum áður. Málið hefur verið rekið fyrir dómstólum sem einkamál þar sem tekist er á um gagnaskil og fleira en vorið 2015 kærði sjóðsstjórn stjórnendur í KÍ húsi til lögreglu. Stjórn FF var ekki kunnugt um kærana og ekki upplýst um kærana á sameiginlegum fundi sl. haust og hefur ekki fengið upplýsingar eða gögn um hvað var kært utan þeirra upplýsinga sem sjóðsstjórn sendi félagsmönnum í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um málið. Aukaaðalfundur fjallar nú um málið og fleira er varðar málefni Vísindasjóðsins og verða málavextir teknir saman í skýrslu að þeim fundi loknum.

SALEK mál:

Stjórn Kennarasambandsins ákvað að standa utan við SALEK rammasamkomulagið svokallaða þegar aðilar vinnumarkaðarins sammæltust um að móta ramma um kjör og launahækkanir launþega út árið 2018. Formenn aðildarféлага KÍ funduðu reglulega um málið á meðan það var í vinnslu á lokametrunum. Meðal annars var samninganefnd FF kölluð saman og farið yfir stöðuna. Samninganefnd FF var einróma sammála því að standa utan við SALEK rammasamkomulagið og styður því afstöðu KÍ sem er eftirfarandi:

„Stærstu aðilar á íslenskum vinnumarkaði, KÍ, BHM, BSRB, ASÍ, SA, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg standa sameiginlega að Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK) sem stofnuð var í júní 2013.

Haustið 2015 var SALEK hópurnir kallaðir til starfa eftir nokkurt hlé. Nýr sáttasemjari, Bryndís Hlökkversdóttir, kallaði hópinn saman þar sem launahækkanir sem kjaradómur úrskurðaði í kjaradeilum BHM og hjúkrunarfræðinga voru hærri en aðilar innan SALEK-hópsins og utan töldu að íslenskt samfélag þyldi. Þeirra mat var að kjarasamningar á almennum markaði væru í uppnámi vegna forsenduákvæða þeirra og ef aðrir hópar fengju sömu hækkanir myndi það leiða til óðaverðbólgu og jafnvel nýs efnahagsbruns innan fárra ára. Aðilar SALEK-hópsins, að frátöldum KÍ og BHM, gerðu með sér rammasamkomulag af þessu tilefni. Í því kemur m. a. fram að aðilar samkomulagsins ákveða að fylgja þeirri launastefnu að launahækkanir hópa, að frátöldum meintum kostnaði vegna breytinga á fyrirkomulagi lífeyrismála, yrðu því sem næst 32% á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um vinnu fram til áramóta 2018/19 um mótun á

nýju íslensku vinnumarkaðslíkani að norrænni fyrirmynd. KÍ og BHM hafa tekið þátt í þeirri vinnu þrátt fyrir að vera ekki aðilar að rammisamkomulaginu. KÍ taldi ekki verjandi að undirrita samkomulagið af eftirfarandi ástæðum:

1. Útgjöld sem kunna að falla á ríki og sveitarfélög fyrir en ella vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi lífeyrismála verði talin með kostnaðaráhrifum kjarasamninga opinberra starfsmanna og/eða launaskriðs þeirra. Þetta getur KÍ ekki sætt sig við enda væru slík útgjöld ekki ætluð til þess að bæta kjör opinberra starfsmanna heldur einungis hugsuð til að koma í veg fyrir kjaraskerðingu þeirra vegna breytinganna. Þau útgjöld sem um er að ræða hafa auk þess engin efri mörk í þeim texta sem fyrir liggur, meðal annars vegna þess að enn hefur ekki náðst niðurstaða um verðmæti bakábyrgðar lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna. Eins og málið er sett upp, í textanum sem fyrir liggur, þurfa opinberir starfsmenn að bera kostnað af því að halda óbreyttum lífeyrisréttindum með lægri launasetningu en ella og/eða skertri launaskriðstryggingu.

2. KÍ gagnrýnir valið á upphafsstöðunni á árinu 2013. Þá var launastaða félagsmanna KÍ afar slæm og í kjölfarið fylgdu erfiðir og umdeildir kjarasamningar sem meðal annars hafa gjörbreytt vinnumati kennara bæði í grunn- og framhaldsskólum og haft áhrif á fleiri skólagerðir, til að mynda hafa á grunni þeirra verið gerðar grundvallarbreytingar á launuppbyggingu félagsmanna Félags leikskólakennara. Breytingarnar hafa þótt eftirsóttar af hálfu vinnuveitenda en verið íþyngjandi fyrir félagsmenn Kennarasambandsins. KÍ hefur sagt frá upphafi samstarfs SALEK-hópsins að þetta val á upphafsstöðu á árinu 2013 sé óásættanlegt.

3. KÍ hefur bent á að til þess að skapa þann félagslega stöðugleika sem sóst er eftir sé nauðsynlegt að ræða og marka stefnu til langs tíma um launasetningu hópa á íslenskum vinnumarkaði. Þar liggur rót þess ósættis sem ríkt hefur á vinnumarkaði og ástæða þess sem kallað hefur verið höfrungahlaup launahækkana. KÍ er ljóst að verkefnið er flókið og erfitt mun reynast að ná niðurstöðu. Í þessu samhengi mætti þó leita fyrirmynda frá hinum Norðurlöndunum þannig að íslenskt vinnumarkaðslíkan byggði ekki aðeins á góðum umbúnaði frá þeim heldur einnig á inntaki sem meiri sátt hefur ríkt um heldur en þekkt hefur hér á landi.

Niðurstaða KÍ er að ekki sé verjandi að undirrita rammisamning milli aðila vinnumarkaðar fyrir en komið hefur verið með ásættanlegum hætti til móts við framangreindar athugasemdir.“

Erlent samstarf

Kennarasamband Íslands er aðili að alþjóðakennarasamtökunum (EI) hvers heimsþing er haldið á fjögurra ára fresti. Varaforkona FF, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir var fulltrúi framhaldsskólastigsins og tók virkan þátt í stefnumótun og umfjöllun samtakanna um menntamál á heimsvísu.

Samstarf við norrænu kennarafélögin (NLS) hefur verið með hefðbundnum hætti síðasta ár. Árið 2015 voru Anna María Gunnarsdóttir og Guðríður Arnardóttir fulltrúar FF í því starfi. Almenn eru haldnir einn til tveir fundir á ári sem færast á milli landanna. Hvert ár er valið sérstakt viðfangsefni í samræmi við það sem ber hæst í skólamálaumræðunni á Norðurlöndunum. Árið 2015 var haldinn

einn fundur í Noregi. Þema ársins 2015 var: er „Traust- leiðin að sterkari kennarastétt“ (Tillit - vägen till en starkare lärarprofession).

Árið 2016 verða haldnir tveir fundir. Sá fyrri verður í byrjun júní í Reykjavík og sá seinni verður haldinn í Færeyjum í september. Þema ársins í ár er Skóli framtíðarinnar. Þegar er frágengið að auk hefðbundinna fundarstarfa mun Jón Torfi Jónasson prófessor halda inngangserindi á fundinum sem verður sameiginlegur með fulltrúum leik-, grunn-, og framhaldsskóla.

Skólamálanefnd FF

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara er skipuð fimm fulltrúum samkvæmt lögum FF. Formaður er kosinn á aðalfundi félagsins. Fagfélögin tilnefna fulltrúa í skólamálanefnd sem eru kosnir á sameiginlegum fundi formanna allra fagfélaganna á grundvelli skriflegra tilnefninga. Formaður skólamálanefndar stýrir þeirri kosningu.

Í kjölfar aðalfundar árið 2014 tók við ný skólamálanefnd félagsins og sitja í henni: Anna María Gunnarsdóttir formaður kosin á aðalfundi FF vorið 2014, Hólmfríður Sigþórsdóttir, Flensborg frá Samlíf, Magnús Hlynur Haraldsson, BHS frá Félagi raungreinakennara, Kristen Mary Swenson, FÁ frá Félagi enskukennara og Guðjón Ragnar Jónasson, MR frá Samtökum móðurmálskennara. Varamaður í nefndinni er Gunnar Már Antonsson, Tækniskólanum frá Félagi kennara í rafiðngreinum. Þá hefur starfað með nefndinni vegna einstakra mála Ólöf Helga Þór námsráðgjafi í FB. Þær breytingar urðu á nefndinni haustið 2015 að Leifur Ingi Vilmundarson, MS frá Félagi félagsfræðikennara tók við starfi brautarstjóra í MS og gekk til liðs við FS. Við þær breytingar varð Guðjón Ragnar fastamaður í nefndinni.

Hlutverk skólamálanefndar er samkvæmt 20. gr. laga FF:

- Fjalla um fagleg málefni og skólamáli í samræði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ
- Vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar félagsmanna
- Annast tengsl við faggreinafélög og skólamálanefndir aðildarféлага KÍ og skólamálaráð KÍ.

Helstu verkefni skólamálanefndar

Í upphafi starfstímabilsins setti skólamálanefnd sér starfsáætlun fyrir kjörtímabilið 2014-2018. Starf nefndarinnar tók mið af henni auk vinnu við þau verkefni sem Skólamálaráð KÍ og stjórn FF vann að á árinu. Árið 2015 fundaði nefndin 9 sinnum og vann að ýmsum verkefnum.

Formaður skólamálanefndar situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ og tekur þátt í vinnu þess. Helstu verkefni sem tengjast starfsemi skólamálaráðs KÍ sem skólamálaráð FF vann að 2015-2016.

1. Framkvæmd menntamálaráðherra á málefnum hvítbókar og miðla sjónarmiðum og áherslum KÍ þar að lútandi með áherslu á faglegt sjálfstæði kennara og skóla. Skólamálanefnd FF tók þátt í að útbúa umræðuhefti og senda út í skólana og hvetja til umræðu um efnið.
2. Skólamálaráð FF tók þátt í starfi Fagráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og vann að tillögugerð sem komu fram í lokaskýrslu fagráðsins í febrúar um og aðstæður kennara og skólastjórnenda til starfsþróunar, í samræmi við stefnu KÍ þar um.
3. Samstarf við háskóla sem mennta kennara um málefni kennaramenntunar og fagleg málefni sem tengjast störfum félagsmanna KÍ í skólum.
4. Skólamálanefnd FF vann með skólamálaráði KÍ að því að auka þekkingu á Evrópumenntamálum og færni féлага til að taka þátt í slíkri umræðu.

5. Skólamálanefnd vann að því með skólamálaráði KÍ að skilgreina hlutverk skólamálaráðs gagnvart fagfélögum kennara og efndi til funda með formönnum þeirra um samstarf og samstarfsverkefni.
6. Þá tók skólamálanefnd FF þátt í greina/pistlaskrif um skóla- og menntamál og fréttáflutningur um skólastarf með Skólamálaráði KÍ
7. Undirbúningur skólamálaþing sem fyrirhugað er á alþjóðadegi kennara í október.

Þá tók skólamálanefnd þátt í vinnu stjórnar FF. Helstu málefni stjórnar sem nefndin tók fyrir voru að fylgjast með vinnu og nefndarstarfi vegna vinnu við vinnumat í kjölfar kjarasamninga 2014.

Þar að auki er formaður skólamálanefndar fulltrúi FF í fagráði um símenntun og starfsþróun, í stjórn Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, í stjórn Þróunarsjóðs námsgagna og fulltrúi í ráðgjafahóp um íslenska hæfnirammann um um menntun sem kallaður er ISQF.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara er skipuð af menntamálaráðuneytinu til tveggja ára í senn. Hún er stefnumótandi um endurmenntun framhaldsskólakennara og hefur umsjón með úthlutun á því fjármagni sem menntamálaráðuneytið veitir árlega til endurmenntunar framhaldsskólakennara. Frá stofnun nefndarinnar til ársins 2012 hafði nefndin þjónustusamning við Endurmenntun Háskóla Íslands en frá árinu 2012 samdi menntamálaráðuneytið við Rannís um þjónustu við nefndina. Þetta var liður í þeirri vinnu ráðuneytisins að koma umsýslu við alla sjóði ráðuneytisins á einn stað.

Í Samstarfsnefndinni voru árið 2015: Sigurjón Mýrdal, fulltrúi menntamálaráðuneytis, Anna María Gunnarsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, fulltrúar FF, Edda Kjartansdóttir, fulltrúi háskólastigsins. Um árabíl hefur Margrét Friðriksdóttir skólameistari verið fulltrúi FÍF en hún sagði af sér sumarið 2014 og Kristinn Þorsteinsson skólameistari í FG kom inn í nefndina í hennar stað. Jón Svanur Jóhannesson er sá starfsmaður Rannís sem vinnur fyrir nefndina.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara skipuleggur og styrkir verkefni sem lúta að endur- og símenntun framhaldsskólakennara. Undanfarin ár hefur nefndin úthlutað fjármunum til verkefna sem má skipta í nokkra flokka:

- Fagtengd sumarnámskeið í samstarfi við faggreinafélög
- Starfstengt nám (vettvangsnám) fyrir hópa ákveðinna kennslugreina,
- Styrkir til skóla og faggreinafélaga til að bjóða upp á fagtengd námskeið eða gestafyrirlestra
-

Sumarið 2015 bauð nefndin upp á 19 námskeið fyrir framhaldsskólakennara í samvinnu við faggreinafélög og þau sóttu alls 489 framhaldsskólakennara. Meðaldagafjöldi námskeiða var 2,3 dagar. Öll námskeið voru haldin á Íslandi að þessu sinni, 15 hjá EHÍ og fjögur hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum.

Mörg undanfarin ár hefur nefndin boðið hinum ýmsu kennarahópum upp á vettvangsnám samhliða starfi. Nú í vetur var farin sú leið að styrkja framhaldsskólakennara í mál-, rafmagns- og byggingagreinum til að stunda nám í lönfræði við HR og stærðfræðikennara til að stunda diplómanám í stærðfræði sem menntavísindasvið og raunvísindadeild standa að saman.

SEF veitir auk þess styrki til faggreinafélaga og skóla vegna gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkja. Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í félagið eða skólann. Árið 2015 var bærust 42 umsóknir fyrir samtals 62 einstaklinga; 15 gestafyrirlesara

og 47 ráðstefnuþátttakendur. Heildarupphæð umsókna var kr. 9.850.000. Þrjár umsóknir voru síðar dregnar til baka eða breytt og einni var hafnað. Hlutu 39 þátttakendur ráðstefnustyrk og allir 15 umsækjendur gestafyrirlesarstyrk. Samtals voru styrkveitingar kr. 8.650.000. Það vakti athygli stjórnar SEF og olli ákveðnum vonbrigðum að aðeins átta framhaldsskólar sóttust eftir styrk úr sjóðnum á móti 17 faggreinafélögum.

Í eftirfarandi töflu má sjá Fjárhagsstöðu SEF í desember árið 2015.

Fjárhagsuppgjör

Fjárhagsstaða sjóðs SEF desember 2015

Af fjárlagalið (áætlað)	39.600.000
<u>Fært frá 2014</u>	<u>16.117.341</u>
	55.717.341
Útgjöld	
Sumarnámskeið	17.909.351
Ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni (áætlun)	1.500.000
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir	8.650.000
Umsýsla Rannís	2.527.500
Aukastyrkur fyrir STÍL vegna afmælishátíðar	350.000
Vettvangsnám 2015-16	7.800.000
<u>Einingabært nám í háskólum 2015-16</u>	<u>7.800.000</u>
	46.536.851

Starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum árið 2015-2016

Starfsemi félagsdeilda FF var með hefðbundnu sniði á árinu. Anna María Gunnarsdóttir sérfræðingur FF í skóla- og félagsmálum sér um mál sem snerta félagsdeildirnar almennt og svarar spurningum formanna, sendir erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum og aðstoð.

Fjárframlög til félagsdeilda og almennar verklagsreglur

Samkvæmt fjárhagsáætlun FF fyrir tímabilið 2014-2018 eru fimm og hálf milljón kr. ætlaðar árlega til starfsemi félagsdeilda og setur stjórn FF reglur um skiptingu þessarar upphæðar milli þeirra. Deildirnar hafa skilað upplýsingum um starfsemina á haustin, ársreikningum og stöðu á bankareikningum og hafa þær deildir ekki fengið fjárframlög ef þær hafa þá átt innistæður á reikningum sínum sem samsvöruðu fjárframlagi fyrra árs til þeirra. Fjárframlög til deilda hafa skipst í eftirfarandi þætti:

1. Til félagsstarfs deilda. Helmingur skiptist jafnt milli deilda og helmingur í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
2. Umbun til trúnaðarmanna hefur verið greidd í tvennu lagi, helmingur fyrir haustönn og helmingur fyrir vorönn. Ákveðinn hluti er tiltekin lágmarkspóknun vegna grunnstarfa trúnaðarmanna og skiptist jafnt milli þeirra. Hinum hlutanum er skipt milli deilda eftir fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
3. Umbun til fulltrúa FF í samstarfsnefndum skóla er greidd eftir á miðað við tiltekinn hámarksfjölda funda og í samræmi við fjölda félagsmanna FF í deildinni, fundasetur eru greiddar í tvennu lagi, fyrir haustönn og vorönn. Formenn þurfa að senda skilagreinar um fundi

í samstarfsnefndum fyrir hvora önn. Greiddar eru kr. 2000 fyrir hvern aðalfulltrúa FF í samstarfsnefnd.

4. Umbun til formanna félagsdeilda. Fjárframlaginu hefur verið skipt í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.

Tilteknar verklagsreglur voru settar um notkun á þeim hluta fjárframlaga sem fer til félagsstarfs deilda sem byggjast á reglum KÍ um fjárframlög til svæðafélaga/félagsdeilda aðildarfélaga:

1. Kostnaður vegna stjórnar- og félagsfunda félagsdeilda.
2. Kostnaður vegna fræðslu eða fyrirlestra á félagsfundum deilda.
3. Önnur verkefni sem stjórn félagsdeilda ákveður og eru í þágu félagsstarfseminnar.

Þetta felur í sér að fjárframlögum til félagsstarfs ber ekki að verja til starfsemi sem hægt er að sækja um í Vísindasjóð FF/FS.

Upplýsingar um starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum árið 2015

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) störfuðu 30 félagsdeildir árið 2015. Í kjölfar sameiningar IH og Tækniskólans var ákveðið að félagsdeildirnar yrðu tvær a.m.k. næsta árið vegna sérstöðu þeirra. Upplýsingar í samantektinni eru byggðar á eyðublaði FF sem sent var með netpósti á formenn félagsdeilda í byrjun september 2015 og svörum félagsdeildanna á tímabilinu september til desember 2015.

Félagsdeildir FF 2015-2016 eru:

- | | |
|---|---|
| 1. Borgarholtsskóli (BHS) | 16. Framhaldssk. í Vestmannaeyjum (FÍV) |
| 2. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) | 17. Iðnskólinn í Hafnarfirði (IH) |
| 3. Fjölbrautaskóli Suðurlands (FS) | 18. Kvennaskólinn í Reykjavík |
| 4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FSU) | 19. Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) |
| 5. Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) | 20. Menntaskólinn á Akureyri (MA) |
| 6. Fjölbrautaskólinn í Ármúla (FÁ) | 21. Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) |
| 7. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) | 22. Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) |
| 8. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) | 23. Menntaskólinn í Reykjavík (MR) |
| 9. Fjölmennt | 24. Menntaskólinn í Kópavogi (MK) |
| 10. Flensborg (FLB) | 25. Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH) |
| 11. Framhaldsskóli Snæfellinga (FSN) | 26. Menntaskólinn við Sund (MS) |
| 12. Framhaldsskólinn á Laugum (FL) | 27. Tækniskólinn (TS) |
| 13. Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu (FAS) | 28. Verkmenntaskóli Austurlands (VA) |
| 14. Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH) | 29. Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) |
| 15. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS) | 30. Verzlunarskóli Íslands (VÍ) |

Þrjú framhaldsskólar eru starfandi án félagsdeilda, þ.e. Menntaskóli Borgarfjarðar, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Menntaskólinn á Tröllaskaga.

Trúnaðarmenn

Í öllum skólum eru félagslegir trúnaðarmenn starfandi og í 19 skólum situr hann í samstarfsnefnd. Í öllum skólum sem svöruðu var merkt við að að öryggistrúnaðarmaður væri í skólanum en það er skylda þar sem eru tíu starfsmenn eða fleiri skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980). Þrír skólar svöruðu ekki hvort þar væri öryggistrúnaðarmaður. Í 21 skóla áttu kennarar einnig fulltrúa í öryggisnefnd skólans.

Aðalfundir og stjórnarfundir félagsdeilda

Árlegir aðalfundir félagsdeilda eru ýmist haldnir á vor- eða haustönn. 13 skólar af 30 halda eða stefna á að halda aðalfund á vorönn og 16 skólar á haustönn. Upplýsingar um tímasetningu aðalfundar vantaði frá einum skóla. Fjöldi á aðalfundum félagsdeilda var frá 10% upp í 95,7% félagsmanna FF í viðkomandi skóla. Í tveimur deildum var ekki vitað um fjölda á aðalfundi.

Stofnanasamningar

Allir skólar hafa endurskoðað stofnanasamninga sína. Níu félagsdeildir endurskoðuðu hann á árunum 2006-2009, tíu á árunum 2010-2012 og níu árið 2013-2014. Tveir skólar endurskoðuðu stofnanasamninga sína árið 2015 og einn hefur gert það sem af er árs 2016. Allar félagsdeildir hafa sent stofnanasamninga sína til FF.

Helstu verkefni félagsdeilda

Hlutverk félagsdeilda er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum þeirra í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ. Helstu verkefni sem félagsdeildirnar nefna þennan vetur eru vinna vegna innleiðingar vinnumats og eftirlit með innleiðingu og framkvæmd nýrrar aðalnámskrár. Formenn félagsdeilda nefna flestir aukið álag og streitu bæði á félagsdeildir og kennara í kjölfar innleiðingarinnar. Þá virðist sem að í mörgum skólum hafi verið farið í aðrar breytingar samhliða t.d. nýjar stundatöflur, aðra breytta lengd á kennslustundum, endurskoðun á skólanámskrá og fleira sem aukið hefur vinnuálag á kennara.

Fyrir hönd stjórnar,

Guðríður Arnardóttir

Anna María Gunnarsdóttir